

Akanesi 27. desember 2019

Umsögn vegna frumvarps er snertir fjölmiðla

Hef kynnt mér efni frumvarps menntamálaráðherra til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011, með síðari breytingum (stuðningur við öflun og miðlun fréttu, fréttatengds efnis o.fl.). Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis óskaði eftir því við forsvarsmenn fjölmiðla að þeir veittu umsögn sína um frumvarpið.

Í stuttu mál lýsi ég, fyrir hönd Skessuhorns ehf. - Fréttaveitu Vesturlands, yfir ánægju með að frumvarpið hefur loks verið lagt fram á þingi. Framlagning þess miðað við kynningu í upphafi árs 2019 hefur dregist úr hömlu. Ég lít svo á að frumvarp þetta og áhrif þess hafi afgerandi áhrif á framtíð allflestu fjölmiðla sem falla undir skilgreiningu þess. Hér er því um risastórt mál að ræða fyrir íslenska fjölmiðla sem staðið hafa í mikilli varnarbaráttu undanfarin ár, einkum vegna ytri breytinga. Varðandi staðbundna fjölmiðla og héraðsfréttamiðla eins og okkar, þá er frumvarpið einfaldlega lífsspursmál. Loks sýnist mér að Ríkissjóður muni ekki verða fyrir beinum útgjöldum vegna frumvarpsins, því ef til þess kæmi ekki, munu fjölmiðlar tapa tölunni með tilheyrandi tekjumissi fyrir Ríkissjóð.

Ég fagna því frumvarpinu eins og það hefur verið kynnt.

Virðingarfyllt,

Magnús Magnússon, ritstjóri
Skessuhorn - Fréttaveita Vesturlands